

Skaftárhreppur  
Ólafur E Júlíusson  
Klausturvegi  
880 Kirkjubæjarklaustur

Reykjavík, 7. júní 2021  
UST202106-062/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga – Breyting á deiliskipulagi fyrir áningastað í Eldhrauni í Skaftárhreppi**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftárhrepps er barst 4. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir áningarstað í Eldhrauni í Skaftárhreppi.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagssvæðið er stækkað úr 0,4 ha í 2,6 ha og mörk svæðisins ná norður fyrir þjóðveg 1. Auk þess kemur fram að gert er ráð fyrir 14 nýjum bílastæðum og tveimur rútustæðum norðan við þjóðveg. Einnig gerir breytingin ráð fyrir nýjum stígum á svæðinu.

#### **Forsendur og ferðamenn**

Í greinargerð kemur fram markmið skipulagsins er að styrkja og auka þolmörk svæðisins, aðstöðu m.a. með stígagerð og endurheimt á mosa, og svo það geti betur tekið á móti þeim fjölda sem sækir og mun sækja svæðið í framtíðinni.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum tillögunnar hver sé áætlaður fjöldi ferðamanna sem mun heimsækja svæðið sem hér er til umfjöllunar. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang tillögunnar, stærð bílastæðis, áningarstaða, og umfang göngustíga.

Umhverfisstofnun telur rétt að skilgreina einn áningarstað sem annar eftirspurn, er öruggur og eykur aðgengi fyrir gesti svæðisins. Víðsvegar um Eldhraun hafa sprottið upp óskilgreindir áningarstaðir með óorruggum bílastæðum, villu- og hentistígum. Umhverfisstofnun fagnar að loka eigi öðrum sjálfsprottnum áningarstöðum og endurheimt mosa á röskuðu svæði.

#### **Eldhraun**

Umhverfisstofnun bendir á að Eldhraun er sögulegt hraun sem myndaðist árið 1784 eftir að hraun rann úr 25 km langri gossprungu kennda við móbergsfjallið Laka og er verndað samkvæmt 2. mgr. 61.gr náttúruverndarlaga 60/2013. Því er verndargildi Eldhrauns hátt með tilliti til sögulegra jarðmyndanna. Mikilvægt er að líta til heildarmyndarinnar fyrir jarðfræðileg ferli og fyrirbæri sem gefa samfellt yfirlit yfir jarðsögu landsins. Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að vanda vel til verks á slíku verndarsvæði.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfí að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skyldt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirkni. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst,



Björn Stefánsson  
sérfræðingur